

REGLUR

um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara, utan EES, sem ekki eiga lögheimili á Íslandi.

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Hverjir eiga rétt á aðstoð.

Aðstoð samkvæmt reglum þessum er veitt erlendum ríkisborgurum utan EES sem eiga ekki lögheimili í landinu. Undantekning á þeirri meginreglu getur þó átt við EES-borgara í sérstökum tilvikum, sbr. 4., 5. og 7. tölul. 2. gr. enda sé viðkomandi talinn óvinnufær vegna heilsufarslegra ástæðna eða annarra sérstakra aðstæðna sem hann er í hér á landi. Sé EES-borgari vinnufær skal upplýsa hann um rétt hans til að starfa hér á landi.

Aðstoðin er veitt í sérstökum tilvikum þegar fyrirsjáanlegt er að einstaklingur hefur ekki möguleika á að fara úr landi eða framfleyta sér hér á landi án aðstoðar íslenskra stjórnvalda.

Þegar kveðið er á um einstakling í reglum þessum á það jafnframt við um fjölskyldu hans, þ.e. maka, sambúðaraðila og börn, eftir því sem við á.

Dvalarsveitarfélag veitir aðstoð samkvæmt reglum þessum. Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar endurgreiðir sveitarfélaginu útlagðan kostnað.

2. gr.

Sérstök tilvik.

Aðstoð til brottfarar frá Íslandi eða til dvalar á landinu er veitt í sérstökum tilvikum, sbr. 2. mgr. 1. gr., ef a.m.k. eitt af eftirfarandi atriðum á við:

1. Á tímabili frá því dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða alþjóðlegrar verndar hefur verið veitt þar til lögheimili hefur verið skráð og viðkomandi nýtur ekki lengur þjónustu á vegum Útlendingastofnunar.
2. Veitt hefur verið dvalar- og atvinnuleyfi til bráðabirgða og viðkomandi getur ekki framfleytt sér án aðstoðar þar til launagreiðsla fer fram. Aðstoð við þessar aðstæður skal aldrei veitt lengur en í einn mánuð.
3. Vegna fjölskyldusameiningar á tímabilinu frá því nánustu aðstandendur erlends ríkisborgara, sem hefur dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða alþjóðlegrar verndar, koma til landsins uns lögheimili hefur verið skráð.
4. Beðið er eftir að ákvörðun stjórnvalda um að viðkomandi yfirgefi landið komi til framkvæmda. Getur einnig átt við í ákveðnum tilvikum þrátt fyrir að ákvörðun stjórnvalda um að viðkomandi eigi að yfirgefa landið liggi ekki fyrir, til dæmis þegar fangi hefur fengið reynslulausn.
5. Einstaklingur getur ekki yfirgefið landið vegna meðferðar sakamáls, svo sem ef í gildi er úrskurður um farbann skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eða honum er skylt að tilkynna sig til lögreglustjóra eða dveljast á tilteknum stað skv. 114. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016.
6. Umsókn um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða alþjóðlegrar verndar hefur verið synjað og ákvörðun stjórnvalda um að yfirgefa landið getur ekki komið til framkvæmda.
7. Ófyrirsjáanleg áföll í lífi einstaklings hafa átt sér stað meðan á dvöl hans stóð og/eða barn/börn eru með í för og fólkið getur ekki ferðast til heimalands af eigin rammleik.

3. gr.

Viðmið vegna fjárhagsaðstoðar samkvæmt reglum þessum.

Velferðarráðuneytið setur viðmið um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum þessum. Viðmiðin sem birt eru sem fylgiskjal með reglum þessum skulu endurskoðuð einu sinni á ári.

II. KAFLI**Skilyrði fyrir aðstoð til farar úr landi eða vegna dvalar.**

4. gr.

För úr landi.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð fram að brottför úr landi og til fararinnar er að gengið hafi verið úr skugga um að einstaklingur geti hvorki framfleytt sér sjálfur né greitt fargjald. Jafnframt að hann fái ekki aðstoð til brottfarar frá ríkisfangslandi eða því landi þar sem hann á lögheimili, frá fjölskyldu, viðkomandi sendiráði hér á landi, öðru stjórnvaldi eða öðrum aðila á Íslandi.

5. gr.

Dvöl í landinu.

Sé för úr landi skv. 4. gr. ekki möguleg er greitt fyrir dvöl á Íslandi enda séu aðstæður með þeim hætti að ekki sé annað fyrirsjáanlegt en að einstaklingur þurfi að dvelja á landinu um ákveðinn eða óákveðinn tíma. Jafnframt er skilyrði að fullkannað sé, innan lands sem utan, að einstaklingur geti ekki sjálfur framfleytt sér meðan á dvöl hans stendur hér á landi og ekki sé möguleiki á aðstoð frá ríkisfangslandi eða því landi þar sem hann á lögheimili, fjölskyldu, viðkomandi sendiráði hér á landi, öðru stjórnvaldi eða öðrum aðila á Íslandi.

III. KAFLI**Aðstoð sem veitt er og endurgreidd úr ríkissjóði.**

6. gr.

Aðstoð.

Með aðstoð til brottfarar úr landi er átt við fjárhagsaðstoð til framfærslu, greiðslu fyrir húsnæði fram að brottför og greiðslu ferðakostnaðar frá landinu. Með ferðakostnaði er átt við heildarkostnað, þar með talið flugfargjald, ferð að brottfararstað og eftir atvikum nauðsynlega vasapeninga fyrir tilfallandi kostnaði meðan á ferðinni stendur.

Með aðstoð vegna dvalar í landinu er átt við fjárhagsaðstoð vegna framfærslu og greiðslu fyrir húsnæði skv. 3. gr.

Þjónusta túlka skal notuð þegar þörf krefur.

Kappkosta skal að halda ferða- og dvalarkostnaði samkvæmt ákvæði þessu í lágmarki.

Almennt er kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja ekki endurgreiddur. Í undantekningar-tilvikum eru lyfseðilsskyld lyf endurgreidd enda hafi læknir áður metið að um nauðsynlega aðstoð sé að ræða, sbr. 2. gr. reglugerðar um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustuna, nr. 1177/2017. Um annan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu fer skv. 13. gr. sömu reglugerðar.

IV. KAFLI**Málsmeðferð.**

7. gr.

Upphaf máls.

Einstaklingur sækir um aðstoð hjá því sveitarfélagi þar sem hann dvelur. Málsmeðferð fer eftir lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og stjórnsýslulögum.

Við veitingu fjárhagsaðstoðar skal farið eftir viðmiðum velferðarráðuneytisins, sbr. 3. gr.

8. gr.

Þörf fyrir aðstoð metin.

Félagsþjónusta viðkomandi sveitarfélags ákveður hvort aðstoð fellur undir reglur þessar og metur þörf á aðstoð, þar á meðal samkvæmt viðmiðum 3. gr. Áður en ákvörðun er tekin aflar félagsþjónustan upplýsinga um stöðu umsækjanda hjá Útlendingastofnun og/eða lögreglu, eftir því sem við á. Þá sér félagsþjónustan um að afla upplýsinga um viðkomandi einstakling hjá sendiráði eða ræðismanni ríkisfangslands og gengur úr skugga um að skilyrði 4. og 5. gr. séu uppfyllt.

9. gr.

Barnafjölskyldur.

Þegar aðstoð er ákveðin skal sérstakt tillit tekið til barnafjölskyldna. Leitað skal eftir álit og aðstoð barnaverndaryfirvalda, eftir því sem við á, í samræmi við barnaverndarlög, nr. 80/2002. Þegar börn eru ein á ferð skal ævinlega hafa samband við barnaverndaryfirvöld sem taka málið til meðferðar í samvinnu við Útlendingastofnun.

10. gr.

Samþykki um endurgreiðslu úr ríkissjóði.

Félagsþjónusta viðkomandi sveitarfélags sækir um heimild til endurgreiðslu úr ríkissjóði til Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar á þar til gerðu umsóknarformi. Aðstoð skal ekki veitt fyrr en samþykki stofnunarinnar liggur fyrir. Í undantekningartilvikum, þegar ekki er unnt að fá samþykki svo sem vegna helgidaga, skal greiðsla engu að síður eiga sér stað en þó aldrei fyrir lengri tíma en til næsta virka dags.

11. gr.

Framkvæmd heimferðar.

Félagsþjónustan afhendir viðkomandi einstaklingi farseðil og vasapeninga vegna fararinnar. Sé þörf á aðstoð lögreglu við förina veitir hún fylgd til flugvallar eða á annan brottfararstað.

12. gr.

Endurgreiðsla úr ríkissjóði

Endurgreiðslutímabilið nær frá 1. nóvember til 31. október ár hvert og skal yfirlit undangengins tímabils sent fyrir 1. desember.

Sveitarfélag skal senda Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar yfirlit yfir útlagðan kostnað sem hefur verið samþykktur, sbr. 10. gr., á þar til gerðu formi.

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar fer yfir yfirlitið. Eigi síðar en 15. desember skal stofnunin samþykkja yfirlitið eða koma athugasemdum á framfæri við viðkomandi sveitarfélag. Til að unnt sé að greiða útlagðan kostnað sveitarfélagsins er nauðsynlegt að sveitarfélag svari athugasemdum og spurningum stofnunarinnar fljótt og vel séu vafaatriði til staðar.

Þegar Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar hefur samþykkt yfirlitið getur sveitarfélag gefið út reikning.

Óski stofnunarinnar eftir skýringum á einstaka fjárhæðum samkvæmt yfirliti sveitarfélags eða heildarfjárhæð þess, og verði töf á því að sveitarfélagið bregðist við beiðni stofnunarinnar um skýringar, er ekki hægt að tryggja að unnt sé að endurgreiða sveitarfélagi þær fjárhæðir sem um ræðir innan yfirstandandi fjárhagsárs.

Um verklag vegna endurgreiðslu úr ríkissjóði vegna fjárhagsaðstoðar við einstaklinga á grundvelli b-liðar 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga fer skv. 2.-5. mgr. 12. gr. reglna þessara.

V. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 1. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, taka þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 12. júlí 2018.

Ásmundur Einar Daðason
félags- og jafnréttismálaráðherra.

Sigríður Jónsdóttir.

Fylgiskjal.

VIÐMIÐ

um fjárhagsaðstoð, sbr. 3. gr. reglna um sérstaka fjárhagsaðstoð sveitarfélaga við erlenda ríkisborgara, utan EES, sem ekki eiga lögheimili á Íslandi.

Greiðslur til einstaklings sem nýtur ekki lengur þjónustu á vegum Útlendingastofnunar sem veitt er á vegum sveitarfélags skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. gr. miðast við reglur sveitarfélags um fjárhagsaðstoð hverju sinni. Fyrir aðra skulu eftirfarandi viðmið notuð, eftir því sem við á, hverju sinni¹:

1. Full grunnfjárhæð greidd²: Einstaklingur greiðir sjálfur fyrir fæði og húsnæði. Þegar einstaklingur þarf óhjákvæmilega að greiða háa fjárhæð vegna húsnæðis, svo sem á gistiheimili og annað húsnæði er ekki í boði, greiðir félagsþjónusta sveitarfélags húsnæðiskostnað beint til rekstraraðila og er þá að öðru leyti miðað við aðstæður og greiðslur í samræmi við 2., 3. eða 4. lið hér á eftir og greitt samkvæmt þeim. Áhersla er lögð á að húsnæðiskostnaði sé haldið í lágmarki og greiðsla skilyrt við lágsta gjald.
2. Einstaklingur greiðir sjálfur fyrir fullt fæði en þarf ekki að greiða fyrir húsnæði eða húsnæðiskostnaður er greiddur af félagsþjónustu sveitarfélags: 35% af grunnfjárhæð að hámarki.
3. Einstaklingur greiðir fyrir fæði án morgunverðar en morgunverður er innifalinn í húsnæðiskostnaði sem greiddur er af öðrum: 30% af grunnfjárhæð að hámarki.
4. Einstaklingur greiðir hvorki fyrir fæði né húsnæði þar sem fæði og húsnæði er veitt án þess að umsækjandi greiði sjálfur fyrir³: 15% af grunnfjárhæð að hámarki:

			1.	2.	3.	4.
			100%	35%	30%	15%
Einstaklingur	<i>Grunnfjárhæð</i>	x 1,0	159.980 kr.	55.993 kr.	47.994 kr.	23.997 kr.
Tveir í fjölskyldu	"	x 1,6	255.968 kr.	89.589 kr.	76.790 kr.	38.395 kr.
Þrír í fjölskyldu	"	x 1,8	287.964 kr.	100.787 kr.	86.389 kr.	43.195 kr.
Fjórir í fjölskyldu	"	x 2,0	319.960 kr.	111.986 kr.	95.988 kr.	47.994 kr.
Greiðsla á dag fyrir einstakling			5.333 kr.	1.866 kr.	1.600 kr.	800 kr.

Þegar aðstoð nær til fleiri einstaklinga úr sömu fjölskyldu skal miða við eftirfarandi: Tveggja manna fjölskylda, hvort sem um börn eða fullorðna er að ræða, fær 1,6 af grunnfjárhæð, þriggja manna 1,8, fjögurra manna 2,0 og svo framvegis og nemur hækkun vegna hvers einstaklings 0,2.

Heimferðarkostnaður skal metinn í hverju tilviki og leitast við að halda honum í lágmarki.

¹ Gert er ráð fyrir að grunnfjárhæð velferðarráðuneytisins fyrir einstakling í sérstökum aðstæðum taki mið af reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, sbr. 4. mgr. 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, nr. 1026/2010.

² Þetta á til dæmis við um einstaklinga sem dvelja hérlendis í einhvern tíma, án skráningar lögheimilis, meðal annars ef ekki er vitað um ríkisfang.

³ Á meðal annars við um skjólstæðinga Kvennaathvarfs.